

Lulu Munk Andersen,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Ráðhúsi Borgarnesi
Borgarbraut 14
310 Borgarnes



Reykjavík, 12. desember 2014
Tilvísun: UST20141100160/ksj

Lýsing. Tillaga að breytingu aðalskipulags Borgarbyggðar 2010 - 2022

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Borgarbyggðar er barst 26. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu aðalskipulags Borgarbyggðar 2010 - 2022. Breytingartillagan nær til svæðis á Langjökli sem nú er skilgreint sem hverfisverndað opið svæði, en tillagan gerir ráð fyrir að á jöklinum verði afmarkað afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Á svæðinu verða gerð göng og hellar í jökulís á toppi Langjökuls. Fram kemur í lýsingu að þeir umhverfisþættir sem helst gætu orðið fyrir áhrifum vegna breytingarinnar eru náttúruminjar, víðerni og grunnvatn. Umhverfisstofnun tekur undir þessi atriði og bendir einnig á að meta þarf áhrif á friðlýst svæði sem aðkoma að göngunum liggur um vegna aukinnar umferðar að ísgöngunum.

Ísgöngin tilkynningaskyld verkefni

Eins og fram kemur í minnisblaði er fylgir erindinu var verkefnið tilkynnt til Skipulagsstofnunar árið 2012 sem fyrirspurn um matsskyldu. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var að gerð ísganganna væri ekki matsskyld framkvæmd. Í umsögn Umhverfisstofnunar um fyrirspurnina er þó talið að fylgjast þurfi með og vakta m.a. hvort lífríki sé að finna í ísnum. Einnig er lögð rík áhersla á að sjónræn áhrif vegna framkvæmda á jöklinum sé í algjöru lágmarki og að allur frágangur á efni úr ísgöngunum verði vel skipulagður og einnig leggur Umhverfisstofnun áherslu á að framkvæmdin sé að fullu afturkræf.

Aðkomusvæði - náttúruminjar

Í beiðni framkvæmdaraðila um undanþágu frá 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir vegna starfsleyfis til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sem Umhverfisstofnun veitti umsögn um dags. 26. nóvember 2014 kemur fram að aðkoma að ísgöngunum sé frá Húsafelli, um Kaldadal og Langjökulsveg sem liggur að skálanum Jaka og að unnið sé að því að fjármagna endurbætur á veginum. Umhverfisstofnun bendir á að aðkoma að Langjökli um veg 51 liggur um friðlýst svæði Geitland. Geitland í Borgarfirði var

friðlýst árið 1988, er 12,281,7 ha að stærð og segir svo í auglýsingu um friðlýsinguna:


Um friðlandið gilda eftirfarandi reglur:


1. Mannvirkjagerð og jarðrask allt er bannað án leyfis Umhverfisstofnunar.
2. Óheimilt er að beita búfé innan friðlandsins næstu 10 árin a. m. k.
3. Umferð vélknúinna ökutækja er óheimil utan vega og merktra slóða.
4. Öllum er heimil för um friðlandið, enda sé góðrar umgengni gætt.
5. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum.

Eins og fram kemur í auglýsingunni er allt jarðrask og öll mannvirkjagerð óheimil án leyfis Umhverfisstofnunar og umgengni á svæðinu skal vera góð. Ennfremur er umferð ökutækja utan vega óheimil og gildir það einnig um þegar bílum er lagt. Umhverfisstofnun bendir á að það þarf að fá leyfi hjá Umhverfisstofnun ef farið er í framkvæmdir vegna bílastæða. Umhverfisstofnun bendir á að umgengni á svæðinu við Jaka hefur ekki alltaf verið til fyrirmyndar á liðnum árum. Stofnunin telur mikilvægt að tekið verði á umgengnismálum við Jaka og eftirlit sé með því að olía og glussi leki ekki frá tækjum í jarðveginn. Stofnunin bendir á að þar sem væntanleg starfsemi í Langjökli muni nýta sér svæðið við Jaka við farþegaflutninga þá nái áhrifasvæði framkvæmda og starfsemi lengra en sem göngunum sjálfum nemur. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdaraðili eigi að vera með viðbragðsáætlanir til staðar sem taka á óhöppum og mengunarslysum sem upp geta komið.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að ofangreint komi fram þar sem ekkert er minnst á aðkomu framkvæmdaraðila að Langjökli í lýsingu tillögu að breyttu aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 - 2022.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri